



Félag löggiltra endurskoðenda

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 132/988**  
**komudagur 23.2.2006**

Reykjavík 22. febrúar 2006  
Tilv. FLE 1-2006

**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**c/o Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritari**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**


**Málefni: Frumvarp til laga um hlutafélög, 404. mál, opinber hlutafélög.**

Með bréfi dags. 10. febrúar sl. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Íslands eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Á fundi sínum í dag tók álitsnefndin málið til umfjöllunar og fylgir greinargerð nefndarinnar með bréfi þessu.

Stjórn FLE er fyrir sitt leyti sammála niðurstöðu álitsnefndar.

Virðingarfyllst,  
Félag löggiltra endurskoðenda

  
Arnbjörg Edda Guðbjörnsdóttir  
frankvæmdastjóri FLE

# Álitsnefnd

## Félags löggiltra endurskoðenda

---

Reykjavík, 22. febrúar 2006  
Tilv. FLE 1-2006

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda  
Lárus Finnbogason, formaður  
Suðurlandsbraut 6  
108 Reykjavík

**Málefni: Frumvarp til laga um hlutafélög, 404. mál, opinber hlutafélög.**

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórn FLE ofangreint erindi til álitsnefndar félagsins. Álitsnefnd FLE tók málið fyrir á fundi sínum í dag og gerir neðanskráðar athugasemdir.

4. gr.

Í þessari grein er óljóst ákvæði um að birta skuli upplýsingar á ótilgreindum stað á vefnum.

Lagt er til að í stað þess verði kveðið skýrt á um hvar á vefnum birta eigi þessar upplýsingar og gæti það t.d. verið á heimasíðu Fjármálaráðuneytisins eða Viðskiptaráðuneytisins.

5. gr.

Samkvæmt 5. gr. er fulltrúum fjölmiðla heimilað að sækja aðalfund hlutafélags, en ekki einvörðungu aðalfund opinbers hlutafélags eins og athugasemd við 5. gr. bendir þó til að ætlunin hafi verið. Eigi verður séð að ástæða sé til að bjóða fulltrúum fjölmiðla á aðalfundi allra hlutafélaga.

Lagt er til að skeytt verði aftan við “.....aðalfund” [opinbers hlutafélags].

7. gr.

Í þessari grein virðist gert ráð fyrir að fulltrúar fjölmiðla hafi aðgang að fundargerðarbókum allra hlutafélaga vegna aðalfundar. Ákvæði þetta ætti eingöngu að taka til opinberra hlutafélaga.

Lagt er til að greinin verði svohljóðandi: “Fulltrúar fjölmiðla skulu í síðasta lagi fjórtán dögum eftir aðalfund eiga aðgang að fundargerðabók vegna aðalfundar **opinbers hlutafélags** eða staðfestu endurriti fundargerðar aðalfundar á skrifstofu félagsins.

9. gr.

Í þessari grein er óljóst ákvæði um að birta skuli upplýsingar á ótilgreindum stað á vefnum.

Lagt er til að í stað þess verði kveðið skýrt á um hvar á vefnum birta eigi þessar upplýsingar og gæti það t.d. verið á heimasíðu Fjármálaráðuneytisins eða Viðskiptaráðuneytisins, sama athugasemd og við 4. gr.

Í greininni er vísað til hálfársuppgjörs, sem er orð sem er á miklu undanhaldi í reikningsskilafræðum og alls ekki nægilega skilmerkilegt. Betur fer á því að nota orðið árshlutareikningur.

Lagt er til að í stað hálfársuppgjörs komi “sex mánaða árshlutareikning”.

Í athugasemdum um 9. gr. er vísað til hlutafélagaskrár, en sú stofnun mun ekki lengur vera til, heldur er í hennar stað kominn stofnun sem ber heitið fyrirtækjaskrá, sbr. lög nr. 17/2003.

Virðingarfyllt

ÁLITSNEFND FÉLAGS LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA

*Ólafur Þorvaldursson*  
*Margrjet G. Flaxey,*  
*Guindur Árnason,*  
*Gustur Gunnarsson*  
*Anna L. Traustad.*